

Kynofbeldisbyltingin eða „siðaskiptin“ í framhaldsskólum landsins

Fréttablaðið kallar það byltingu, þegar nokkrar grenjandi frenjur meðal nemenda við Menntaskólann í Hamrahlíð hrundu af stað mógsefjun við skólann og í framhaldsskólum landsins. Þetta er tegund mógsefjunar, sem er gjörþekkt við háskóla víðs vegar um hinn vestræna heim og á almennum vettvangi, þar sem karlar/piltar eru bornir sökum um kynofbeldi af öllu tagi.

Félag skólameistara sagði, að í skólum þeirra ríkti „nauðgunarmening.“ Ríkisstjórnin hljóp til og sagði samfélagið myndi hafa verra af, ef þjóðin tæki sakaráburð stúlkanna ekki alvarlega.

Ráðherrann, sem sté á kassa í skríslátunum miðjum, hefur nú látið ljós sitt skína á ný með hjálp ráðgjafahóps úr ráðuneyti hans og Stígamóta. Hvergi hef ég rekist á, hverja er um að ræða. En í frétt Vísis má lesa:

„Katrín S. Kristjana Hjartardóttir, framkvæmdastjóri sambands íslenskra framhaldsskólanema segir það stórt vandamál að verið sé að nota ásakanir um kynferðisofbeldi sem tæki til útskýfunar og eineltis.

„Þess vegna erum við að vinna þetta með svona ótrúlega stórum hóp, með landlækni, Stígamótum, lögmönnum, ráðuneytinu öllu. Ég held að ef við gerum þetta rétt þá sé þetta ekki áhyggjuefni. Þetta snýst allt um fræðslu og þekkingu.“

Hvaða lærdóm telur þú að þú að sé hægt að draga af þessu máli?

„Það eru að verða siðaskipti á Íslandi í umræðunni um kynferðisofbeldi. Við höfum ekki hlustað á ungt fólk þegar það hefur beðið um aðstoð. Því hefur ekki verið mætt nógu vel í kerfinu og þetta eru viðbrögð við því. Þetta eru viðbrögð við kerfinu og við höfum ekki hlustað.““

Það væri fróðlegt að sjá, hvað þessi „ótrúlega“ stóri hópur hefur skrifað. Það þarf að fræða, segir Katrín S. eins og nafna hennar forsætisráðherrann. Það er gömul kvenfrelsunarlumma. Á Vesturlöndum eru drengir/karlmenn skikkaðir af sjálfsskipuðum „ráðgjöfum“ og dómstólum í fræðslu um „eitraða“ karlmennsku sína og ofbeldishneigðir. Þeir skulu tileinka sér hina réttu hugmyndafræði og viðhorf eins og villutrúarmenn í Kína og Ráðstjórnarríkjunum fyrrum.

Rektor MH hefur nú tilkynnt, að í skóla hans verði fyrsta viðbragðsáætlun framhaldsskólanna við kynofbeldi samin. Mér skilst, að hún felist einkum í

neyðarhnappi (líklega til að hlífa speglunum við varaliti ungmeyjanna), námskeiði um kynheilbrigði og að fjarlægja ákærða pilta úr bekki sakarábera.

Hinn ógnarstóri ráðgjafahópur hefur – að mér skilst – ekki gert opinbera skýrslu um málið. En spurst hefur út, að „sumir“ drengjanna hafi verið saklausir, einnig hann, sem átti að hafa nauðgað lítilli frænku. Hversu stór hluti hinna ákærðu eru saklausir? Hvað skal gera við sakarábera þeirra?

Katrín S. Kristjana kallar þessa múgsefjun „siðaskipti.“ Sé svo, eru þau orðin býsna langdregin. Markvisst kynstríð gegn karlmönnum hefur staðið yfir í rúma hálfu öld. Það stoðar lítt að fræða þá um eitruða karlmennsku sína. Það mætti bregða kutanum, bólusetja þá eða gefa pillu eins og kynglæpamönnum (Landlæknir er meðal ráðgjafa), því það eru þeir að sögn allir.

Nokkrir meginhugsuða kvenfrelsunarhreyfingarinnar hafa greint vandann og gert tillögur að úrbótum á karlkyninu: Spænski kennarinn, Aurelia Vera, flutti þennan boðskap einmitt í kynfræðslutíma eins og MH býður nú:

„Við þurfum að láta okkur lynda (dabble) úrval [drengja] til geldingar. Ef þú vanaðir son þinn, væri hann ekki fær um að eignast börn. [Aukin heldur] væri honum hlíft við fjölda kynvakastýrðra breytinga, sem hafa í för með sér [aukna] líkamsburði. Þrótturinn kemur úr kynkirtlunum. Svo verða raddir þeirra áfram barnslegar.“

Andrea Dworkin (1946-2005): „[Karlinn] lifir og hrærist í anda yfirburða sinna, sem hann rekur til tilvistar reðursins. [Konan] hrærist í heimi niðurlægingar og lítillækkunar, þar eð hún er talin óverðug. Kynferðið er bölvun hennar. ... Sonur sérhverrar konu í feðraveldinu situr hugsanlega á svikráðum við móður sína. Hann er óhjákvæmilega nauðgari eða kúgari annarra kvenna. ...

Mig dreymir um að sjá karl svo lúbarinn, að hann liggi í blóðbaði með skóhæl á kafi í munnnum sér sem væri epli í gini svíns.“ Hún mælir með að konur útrými körlum, sem standa í vegi fyrir þeim.

Catherine MacKinnon, (f. 1946): „Að mínum dómi er ævinlega um nauðgun að ræða, eigi kona kynlíf og þyki sér misboðið. [S]amfarir gagnkynhneigðra er nauðgun, þar eð konur almennt hafa ekki nægan styrk til að gefa merkingarbært samþykki [til þess arna].“

Julie Bindel, (f. 1962): „Líta ber á hatur kvenna á körlum sem kvenfrelsunarviðbragð. Við ættum að vera hreyknar af því.“

Germaine Greer, f. 1939): „Líklega er öryggisfangelsi einasti staðurinn, þar sem karlar geta talið sig örugga, nema yfir þeim vofi sú hætta að verða leystir úr haldi.“

Valerie Solanas (1936-1988): „Réttur kvenna til lífs er rétti karla æðri. ... Þess vegna er útrýming karla góður og réttlætanlegur gjörningur, sem kemur konum vel og líta má á sem líknardráp.“

Mary Daly (1928-2010) „Afeitrun jarðarinnar verður að eiga sér stað, eigi líf að þrífast til framtíðar. Ég hygg, að hún verði samhliða þróun, sem hafi í för með sér verulega fækkun karlmannna.“

Mona Eltahawy (f. 1967): „Ég bið fólk að hugleiða ... sviðsmynd, þar sem við [konur] myrðum ákveðinn fjölda karlmannna í viku hverri. Hversu mörgum þyrftum við að koma í lóg, þar til feðraveldið sest niður handan borðsins og segir: „Gott og vel, látum gott heita. Hvað er í okkar valdi til að stansa aflífunina? ... Hversu marga karla þurfum við að drepa, svo þeir hætti að nauðga okkur.“

Sarah Jeong (f. 1988): „Það er engin þörf fyrir herkvaðningu. Við þurfum geldingar happdrætti fyrir hvíta karla. Mánaðarleg drögum við út afmælisdag, sundurgreinum þá óþörfu og bregðum skærunum á nokkra poka [punga], helst við fjölmenna, opinbera samkomu.“

Sharon Stone, (f. 1958): „Vald mitt til að meiða karlmenn eykst með aukinni frægð og valdeflingu.“

Þetta er sá hugmyndfræðilegi arfur og viðhorf, sem menntaskólanemarnir hafa í farteskinu.

Stúlkur hafa lært, að þær séu fórnarlömb feðra, bræðra, afa og annarra karla. Svo er þeim líka kennt, að það háttalag, sem þær hafa sýnt við MH sé „valdefling kvenna,“ að þær séu að „skila skömminni.“ Þær læra það líka, að falskar ákærur og mannorðsmorð sé konum leyfilegt á Íslandi.

Drengir læra að þeir séu eitraðir ofbeldismenn og gjörsamlega berskjaldaðir fyrir meinfýsi skólasystra sinna.

„Me-too“ sefjunina kallaði RÚV „byltingu“ eins og Fréttablaði MH-sefasykna nú. Guðrún Ágústdóttir kallaði hana rökrétt framhald af hernaði Rauðra sokka. Ætli neyðarhnappur og kynfræðsla dugi til að koma í veg fyrir þá þriðju?

https://www.ruv.is/frettir/innlent/2022-12-09-i-sumum-tilvikum-engin-astaeda-fyrir-nofnum-a-speglinum?fbclid=IwAR3NWheQaq5Pcwml57qcwqiKAspSJ16VEzs0_wYKbaSXktJ5drO4XI19hdY

<https://www.visir.is/g/20222350056d/ekkert-til-i-thvi-ad-nemandi-hafi-naudgad-litlu-fraenku-sinni>

<https://www.visir.is/g/20222323769d>

https://www.visir.is/g/20222350299d/segir-sida-skipti-vera-ad-eiga-ser-stad-i-um-raedu-um-kyn-ferdis-of-beldi?fbclid=IwAR07uyS94slQnNFQFAbgOmTjp07_mGzFsneWUPPZ_SpEqs_RJ5WasnkG1i8

<https://www.frettabladid.is/frettir/tholendur-fa-sveigjanleika-i-nami-og-aukid-utanumhald/>